

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veidifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	26.7.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Veidifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Keldum	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Guðmundsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ein athugasemd var gerð í eftirlitinu er varðar frágang á svæðinu. Ekkert nýtt frávik kom fram við eftirlit en þrjú frávik frá síðasta eftirliti eru áfram staðfest, er varða að rekstur er án starfsleyfis, frágangur frárennslis er ófullnægjandi og grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað fyrir árið 2016. Fram kom í eftirlitinu að dauðfiskur er ekki lengur urðaður á lóð rekstraraðila og skráningar innra eftirlits eru í lagi. □

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit þann 4. apríl sl. en þar komu fram alls sex frávik er varða að rekstraraðili rekur starfsemi í stöðinni án starfsleyfis, ekki var tilkynnt um óhapp er varð í stöðinni v. seiða sem sluppu út í settjörn og svæfingarlyfs sem hellt var í tjörnina, frárennslis og frágangur þess er ekki skv. skilgreiningu bestu fánlegu tækni, grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað, skráningum innra eftirlits er ábótavant og dauðfiskur hefur verið urðaður á lóð rekstraraðila án leyfis.

Í eftirlitinu var farið yfir drög af starfsleyfi sem auglýst hafa verið af eftirlitsaðila og biðja þess að verða gefin út, samhliða rekstrarleyfinu sem gefið er út af Matvælastofnun. Minnt var á mikilvægi gagnaskila og þess að kynna sér starfsleyfið til hlítar.

Farið var yfir daglegar skráningar í stöðinni og eru þær í lagi. Minnt var á að allar kvittanir vegna losunar lífræns úrgangs skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti.

Gengið var um útsvæði stöðvarinnar og frárennslis skoðað. Verið er að taka til á lóðinni og var ruslagámur kominn á svæðið til að taka við rusli. Töluvert rusl er á lóðinni en stefnt er á að hreinsun á svæðinu verði lokið nú í haust.

Gengið var meðfram læk sem ætlaður er til þess að fanga stærstu úrgangsgagnirnar úr frárennslinu áður en það rennur í settjarnir. Í læknum var að sjá töluvert magn fódurleifa og einnig mátti greina dauðan fisk á nokkrum stöðum. Lækurinn er of grunnur til að gegna hlutverki sínu sem settjörn og þarfnast endurbóta. Tvær settjarnir taka síðan við frárennslinu úr skurðinum, sem er um 100 m langur, í framhaldi af hvor annarri. Úr síðari settjörnninni fer frárennslíð út í læk sem rennur í Apavatn. Nokkur lykt var í tjörnunum og uppsöfnun fódurleifa og slýs sjáanleg, einnig var að sjá dauðan fisk í báðum tjörnunum, Greina mátti samskonar uppsöfnun í viðtakanum sjálfum. Slý var á trjágreinum sem vaxa við lækjarbakkann og greinilegar fódurleifar eru við útrásina. Ekki eru til efnamælingar úr frárennslinu.

Minnt var á að gera þarf áætlun um losun settjarnanna í tengslum við vöktunaráætlun.

Huga þarf að endurhönnun settjarnanna þar sem sýnt er að þær eru ekki að virka sem skildi og of mikið magn úrgangs kemst í viðtaka.

Vinna þarf að vöktunaráætlun og sendir eftirlitsaðila uppl. um uppsetningu áætlunar til rekstraraðila. Einnig hafa verið sendar uppl. um grænt bókhald. Farið var yfir þær skráningar sem krafist er skv. gr. 4.5 og 4.6 í starfleyfi og minnt á skiladag skýrslna ár hvert, sem er 1. maí.

Frávik frá

5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999.

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis. Fyrir liggja drög að starfsleyfi hjá stofnuninni en enn vantar vöktunaráætlun fyrir stöðina sem og umsókn um rekstrarleyfi en starfsleyfi og rekstrarleyfi skulu afgreidd samhliða skv. 4. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008.

Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir

fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í gr. 3.2 í reglugerð nr. 785/1999 og skv. gr. 2.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Nokkuð vantar uppá að frágangur frárennslis sé viðunandi, bæta þarf setþró og ristar við frárennslisop.

Reglugerð nr. 851/2002.

Rekstraraðili skal gera skil á grænu bókhaldi í samræmi við reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við frágang á svæðinu og uppsöfnun á rusli en unnið er að hreinsun svæðisins. □

ANNAÐ

Rætt var um moltugerð á svæðinu og bent var á að sækja þarf um starfsleyfi vegna þessa til Heilbrigðiseftirlitsins. Einnig var rætt um fyrirhugaðar gróðursetningar og umbætur á svæðinu.

Reykjavík, 30.08.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir